




Kópavogi, 28. janúar 2026
25112620/ FS

Smáratorg 3

Umsögn um byggingarleyfisumsókn

Umsögn skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 21. nóvember 2025 var lögð fram umsókn ásamt teikningum fyrir 25m² stafrænan LED auglýsingaskilti á norðvesturgafli 2. hæðar Smáratorgs nr. 3. Byggingarfulltrúi vísaði erindinu til umsagnar skipulagsfulltrúa.




Mynd 1. Loftmynd af Smáratorgi 3 sem og svæðið á aðalskipulagsupprætti.

Lóðin Smáratorg 1, 3 og 5 48.300m² að stærð og á henni standa þrjú verslunar- og þjónustuhús alls samtals 37.171,7m². Fyrir lóðina er í gildi deiliskipulag Smáratorgs samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 11. júní 1996.




Mynd 2. Ásýnd frá götu sem sýnir norðurgafli hússins þar sem skiltið er fyrirhugað. Af já.is.



Mynd 4. Breytt deiliskipulag fyrir lóðina Smáratorg 3. Samþykkt í bæjarráði 11. janúar 2007.

Byggingarleyfisumsóknin


Sótt er um leyfi fyrir starfrænum LED auglýsingaskjá á norðvesturgafli 2. hæðar Smáratorgs 3. Fyrirhugað skilti yrði 25m² að stærð, 7m á hæðina og 3,6m á breiddina.



1 Ásýnd - Auglýsingaskilti norðurgaffi

2 Ásýnd Auglýsingaskilti - Norðurgaffi

Mynd 5. Ásýnd 1 og 2 auglýsingaskilti á norðvestur gaffi Smáratorgs 3.



Mynd 6. Afstöðumynd. Auglýsingaskiltið á norðvesturgafli Smáratorgs 3.

Í greinargerð sem fylgir innsendum hönnunargögnum segir:


Sótt er um leyfir fyrir auglýsingaskjá á norðurgafli 2.hæðar. Skjárinn er settur saman úr einingum sem eru 800*800 mm. Birtustig skjás 6500 nits og hægt er að stilla birtumagnið. Skjárinn er með birtuskynjara sem keyrir niður birtuna þegar rökkvar og kemur í veg fyrir að truflun skapist vegna of mikillar sjónmengunar.

Umsögn og niðurstaða

Í greinargerð deiliskipulags á svæðinu er lögð sérstök áhersla á samræmi sé í skiltum og auglýsingum á lóðinni. Einn skiltaturn er nú þegar á svæðinu en minni skilti við áherslustaði sem sýna staðsetningu verslana á svæðinu eru heimiluð. Ekki er heimild fyrir stafrænum skiltum af þessu tagi í deiliskipulagi.

Einnig skal bent á að auglýsingaskjárinn sem sótt er um mun snúa að íbúðabyggð í Kópavogsdal, í einungis u.þ.b. 100 metra fjarlægð frá íbúðum að Lautarsmára 1-5, og er viðbúið að skiltið muni hafa hafa neikvæð umhverfisáhrif á íbúa m.t.t. ljósvistar á íverusvæði íbúa.

Með vísan til ofanritaðs er lagt til að umsókninni verði synjað.



Mynd 7. Fjarlægð auglýsingaskiltis frá Lautarsmára 1-5.

F.h. skipulagsfulltrúa
Freyr Snorrason
Verkefnastjóri

